

„100% persónulegt“



Heitasta bókin í ár er *Jónína Ben*. Söluölurnar eru m.a.s. umdeildar. Jónína hefur alltaf verið kraftmikil kona og í þessari krassandi ævisögu sem Sölvi Tryggvason ritar er lífshlaup hennar rakið frá fæðingu til vorra daga, í gegnum baráttu og þraut til sáttar og kærleika. Á fyrstu fjörutíu blaðsíðum bókarinnar er stiklað á stóru yfir æsku og uppvöxt, tvö hjónabönd, þrjú börn og nám og starf hér heima og erlendis. Vænn kafli er tileinkaður Jóni Páli Sigmarssyni, sterkasta manni heims sem hefði orðið fimmtugur í ár ef honum hefði enst líf og heilsa. Þar segir að samskipti þeirra Jónínu séu "efni í aðra bók" (41) og lesendum komi ekki meira við í bili, hvað sem það nú þýðir. Þá hefst annar hluti bókarinnar sem heitir því kléna nafni "Í örmum Jóhannesar í Bónus". Upphefst þá stormasamt samband þeirra Jónínu eins og alþjóð þekkir en meðan það stóð voru þau skötu hjú umtöluð og hundelt af fjölmiðlum. Jónína segir margt fallegt og heiðarlegt um samband þeirra og endalok þess. Dregin er upp skýr mynd af Jóhannesi, bæði sem alþýðuhetju og sjarmör en líka sem alkóhólista og leiksoppi vondra manna. Þriðji hluti heitir "Baugsmálið og aðdragandi þess" og það er hér sem bókin fer að verða virkilega safarík. Fjallað er um margvíslegar viðskiptafléttur og ráðabrug, siðlausar yfirtökur, sukk og svínarí sem seinna leiddu til þjóðargjaldþrots. Þar blandast Styrmir Gunnarsson inn í málið, birtir eru nokkrir af tölvupóstunum frægu þar sem þau ræða ýmis þjóðfélagsmál og daðra. Síðan er lýst píslargöngu Jónínu milli ráðamanna þjóðarinnar og bissetsmanna en hún bjó yfir mikilvægum upplýsingum um ýmislegt siðleysi í viðskiptalífinu sem enginn vildi taka við enda allir önnur kafnir við að græða og svindla sjálfir. Þar kom að Baugsmálið varð "100% persónulegt" (178) og Jónína lýsti yfir stríði við stærstu viðskiptablokk landsins. Í því stríði tókst hún m.a. á við Jón Ásgeir Jóhannesson, Bjarna Ármannsson, Ara Edwald og Hreiðar Má Sigurðsson. Atburðarásin er reyfara líkust þar sem m.a.s. njósnir koma við sögu. Fjölmarginir tölvupóstar, ótal símtöl og fundir skila litlum árangri og brátt fer illa fyrir Jónínu sem stendur uppi gjaldþrota, einmana, drykkfelld og svikin. En hún deyr ekki ráðalaus. Síðustu kaflarnir lýsa svo upprisu og nýrri von, með heilbrigðum lífsstíl, "detoxi" og Gunnari í Krossinum.

Bókin er skrifuð í orðastað Jónínu þótt Sölvi sé höfundur. Hún er ekki sérlega vel skrifuð, ber skýr talmálseinkenni, oft er vaðið er úr einu í annað, sumt endurtekið og öðru sleppt og stafsetningar- og málvillur eru víða. Meðferð heimilda er ábótavant. Hvar komst Jónína t.d. yfir bréf frá útvarpsstjóra til "hr. forstjóra" Finns Ingólfssonar? Valdir tölvupóstar eru birtir og klipptir til eins og hentar málstaðnum. Neðanmálasklausur Sölva eru ekki nægilega haldgóðar heimildir þar sem þær eru nafnlausar ("Í samtölum höfundar við innanbúðarmenn... Höfundur hefur fengið það staðfest...") og styrkja þess vegna ekki málstað Jónínu nógu vel. Í lokin eru nokkrar greinar eftir Jónínu þar sem hún afhjúpar viðskiptafléttur í aðdraganda hrunsins en prentunin hefur eitthvað misfarist.

Jónína Ben er án efa skemmtilegasta hrunbókin og vissulega merkilegt innlegg til samtímasögu. Hugsanlega er sums staðar slegið úr og í eða ýkt og skreytt eftir þörfum og hlutur Jónínu sjálfrar fegraður en það er ekki hægt annað en að smitast af sannfæringarkrafti hennar og sjá samhengið í þeim svikamyllum sem hún afhjúpar. Lesendur fá þar örugglega fyrir sinn snúð. Það er heldur ekki annað hægt en finna til með henni þegar hún stendur í Bónusröðinni (91) eða þegar hún var niðurbrotin í Kastljósviðtali þar sem þjarnað var að henni eftir að upp komst um samband þeirra Styrmis (213-215). Jónína viðurkennir hreinskilnislega í bókinni að hún sé breysk, fljótfer, missi oft stjórn á skapi sínu og geri margvísleg mistök en réttlætir sig um leið með að hún sé sannleikselskandi baráttukona, frumkvöðull og leiðtogi. Faglega unnin andlitsmynd af Jónínu á bókarkápu á hvítum bakgrunni, í hvítu skyrtu og með hvítt hár undirstrikar nýja stefnu í lífinu enda hótar/lofar hún undir bókarlök að fara í pólitík. Þar mun örugglega gusta um hana áfram.